

73
5. ágúst

AUGLÝSING

um

samkomulag milli Íslands og Eistlands um gagnkvæma viðurkenningu á mælingaskírteinum skipa.

Þann 30. maí síðastliðið var í Stokkhólmi undirritað samkomulag milli Íslands og Eistlands um það, að mælingaskírteini, sem skip hvors landsins um sig hafa meðferðis á siglingum í höfnum hins landsins, skuli álitin fullgild, án þess að sérstök mæling fari þar fram á skipunum, með því að mælingin í heimalöndum skipanna fari fram í samræmi við „Merchant Shipping Acts“ (1894—1907), sbr. á Íslandi tilskipun um skipamælingar frá 25. júní 1869, og á Eistlandi reglugerð frá 7. nóvember 1924.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 5. ágúst 1931.

Tryggvi Þórhallsson.